

Aðalfundur fimleikafélagsins Björk

Aðalfundur fimleikafélagsins Björk verður haldinn mánudaginn 8. mars 2012 kl. 20.00 í félagsheimili félagsins í íþróttamiðstöðinni Björk að Haukahláunum 1.

Dagskrá

1. Fundarsetning og ávarp formanns.

Formaður félagsins Ingvar Kristinsson setur fundinn og bíður félaga velkomna á fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Ingvar ber upp tillögu um Þór Ólafsson sem fundarstjóra, til laga samþykkt og Hannes Pétursson sem fundarritara, til laga samþykkt.

3. Staðfest lögmæti fundarins.

Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins frá 14. febrúar og með tölvupósti til iðkenda 21. febrúar og með auglýsingu í Fjarðarpóstinu 1. mars

4. Kannað kjörgengi fundarmanna.

Skv. lögum félagsins hafa allir félagar rétt til eins atkvæðis á aðalfundi félagsins. Félagi yngri en 16 ára er ekki heimilt að greiða atkvæði á aðalfundi, en foreldri eða forráðamanni er heimilt að greiða atkvæði í stað barnsins. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi félagsins.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.

Liggur frammi í nokkrum eintökum, eins er hún á vef félagsins www.fbjork.is undir flípanum skjöl.

Spurning frá Hafsteini: Afhverju fundargerðin væri ekki aðgengileg á vef félagsins.

Svar Ingvar: Hún er þar en það misfórst að setja hana inn fyrir en í gær.

6. Skýrsla aðalstjórnar.

Ingvar gerir grein fyrir skýrslunni sem er aðgengileg á vef félagsins www.fbjork.is undir flípanum skjöl.

7. Reikningar félagsins.

Ingvar gerir grein fyrir reikningum félagsins.

8. Umræður um skýrslu og reikninga

Nokkrar athugasemdir komu fram.

Annar Maria:

Vantar að auglýsa fundinn betur, mætti vera annar fundarstjóri og fundarritari en þeir sem eru að starfa í stjórnnum félagsins.

Spurning hvort ekki megi senda iðkendur heim með miða.

Fleiri tóku undir.

Guðrún Bjarna:

Vill meina að ekki væri hægt að auglýsa þetta mikið meira. Hún er búin að fá 2 pósta, það er búin að vera auglýsing í andyri félagsins í langan tíma.

Ólafur Magnússon

Þakkar gott starf veit að fjármálin voru ekki í góðum málum.

Spurning um þjálfarakostnað fimleikadeildar og annan rekstrarkostnað.

Svar Ingvar:

Annar Rekstrarkostnaður eru aðalega 3 liðir:

1. Afmælisblað, afmælishóf

2. Kaup/viðhald á áhöldum, meira á þessu ári eða síðasta ár.

3. Líka verið að færa þarna undir ýmsan endurgreiddan útlagðan kostnað þjálfara sem er hluti af þeirra starfskjörum.

Ólafur Magnússon:

Ýmis kostnaður skýring 1, er þetta kostnaður á húsnæði fimleikabjálfa ?

Svar Ingvar:

Já, bendir á að mestur kostnaður er vegna leigu á húsnæði fyrir þjálfa.

Sjöfn:

Ef fimleikabjálfi gerast íslenskir ríkisborgarar. Ætlum við að borga þeim minna og hætta að borga húsnæði ?

Svar Ingvar:

Verður að horfa á þetta allt sem laun. Horfa á heildina. Þetta kemur betur út svona.

Sjöfn: Hafsteinn er þetta rétt ?

Svar Hafsteinn:

Já þetta er hagkvæmara. Beinir því til aðalfundar hvort þeim finnst þetta rétt að gera þetta svona.

Ingvar:

Þetta er hagkvæmari leið fyrir báða aðila. Þjálfarinn greiðir skatt af hlunnindunum eins og honum bera að gera og við greiðum kostnað sem okkur er heimilt að gera.

Benna:

Leigutekjur eru þær aðalega af litlu björk ?

Svar Guðjón:

Já þetta er að mestu leyti leiga undir afmæli, litla björk og afmælissalur.

Ólafur:

Innheimtukostnaður vegna visa/euro, er félagið að taka þetta á sig eða fer þetta á iðkendann.

Svar Hafsteinn:

Við leggjum þennan kostnað ekki á iðkendur. Finnst þetta vera mjög hár kostnaður. Spurning hvort við eigum ekki að taka eitthvað fyrir þessa þjónustu og þeir sem vilji borga með þessum hætti beri þann kostnað.

Benna:

Keypt söluvara/rýrnun, getið þið útskýrt þann lið ?

Hafsteinn:

Búningar sem er verið að selja frá Henson og svo söluvarningur úr fjáröflunum.

Anna María:

Hvernig gengur að fá fólk til að sækja um í íbúaaagáttinni ?

Hafsteinn:

Gengur ágætlega en þetta er sama fólk sem ekki er að borga okkur og sem ekki sækir um þessa niðurgreiðslu hjá bænum.

Benna:

Fundur og veitingar, fyrir hvaða er þetta ?

Hafsteinn:

Reikningar fyrir kaffistofu og fundi fyrir fimleikadeild.

Hlín:

Það var boðið upp á kaffi en svo var því hætt en núna er boðið upp á kaffi sem henni þykir ekki er mikill lúxus heldur sjálfsagt á kaffistofu starfsmanna.

Gunnhildur:

Spurning um áhöld, fjáröflun sem var á síðasta ári. Fór allur peningurinn í áhaldakaup ?

Ingvar:

Þessu er haldið til haga. En það þurfti að nota þessa peninga í laun á sumarmánuðum en það stendur til að borga þetta til baka og nota í áhaldakaup. Bendir á skýringar í reikningum félagsins þar sem er tilgreint hvað var gert á síðasta ári.

Hafsteinn:

Þetta fór líka í viðhald á tækjum ekki bara í kaup á nýjum áhöldum. Leggur til að við tökum áhaldakaup og viðhald í okkar hendur því hann er ekki bjartsýnn að það koma peningar frá Hafnarfjarðarbæ.

Sjöfn:

Það er mikilvægt að iðkendur sjái í hvað þessir peningar fóru.

Fundarmenn almennt sammála þessu.

9. Reikningar bornir undir atkvæði.

Reikningar samþykktir samhljóða.

10. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar bárust og því ekki á dagskrá.

11. Kosning formanns.

Ingvar Kristinsson býður sig fram til formanns
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

12. Kosning 2 stjórnarmanna og 3 varamanna.

Tillögur um stjórnarmenn til 2ja ára:
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir
Sjöfn Jónsdóttir

Fyrir eru í stjórn þeir Hannes Pétursson og Andrés Andrésson kosnir á síðasta aðalfundi til 2ja ára.

Varastjórn í lögum félagsins er kveðið á um 3 varamenn, 2 gefa kost á sér:

Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir
Kristinn Arason

Þór:

Þór bendir á að það kom upp vafamál hvort starfsmaður mætti vera í stjórn félagsins.

Sjöfn:

Hefur skoðað lögin og segir að svo sé ekki.

Ólafur:

Ætti ekki að vera fyrirstaða hún þarf bara að víkja ef það er verið að ræða hagsmunamál.

Tillögur samþykktar samhljóða.

13. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár.

Óbreytt, Ómar Einarsson og Jón Trausti Harðarson
Samþykkt.

14. Ávarp formanns

Hefur teksti vel með fjámálin. Hafsteinn og Guðjón eiga hrós skilið.

Þarf að ná samningum um lán hjá Íslandsbanka (áður Byr).

Viljum vera með afreksstarf en líka vera fjölbreytt starf þar sem allir geta fundið sig.

Iðkendur byrja og hætta ungir og bindast ekki jafn sterkum böndum, því er þessu öðruvísi

farið en hjá öðrum íþróttafélögum, viljum geta haldið iðkendum lengur í félaginu - þetta eru helstu verkefni sem bíða okkar.

15. Önnur mál.

Hlín:

Í sambandi við brottfall. Passa að velja fólk sem er með menntun og ekki unglinga til starfa við þjálfun. Ekki vera með þjálfara undir 18 ára aldri, fram að því eru þeir bara til aðstoðar.

Við áttum eldri stelpur á tímabili í hópíþróttum. Það er vitað að krakkar endast ekki lengi í áhaldafímleikum og margir hellast úr lestinni. Verðum að passa að hafa verkefni fyrir eldri

iðkendur, verðum að leggja mikla áherslu á það.

Áhaldamál:

Héldum fyrir nokkrum árum að björninn væri unninn og við þyrftum ekki aftur að fara í það að bera áhöld á milli staða og þess háttar þegar við fengum nýja húsið. Áður fyrr var fólk

viljugra að taka þátt í starfinu, það eru breyttir tímar í þessum efnum.

Hrafnhildur:

Er það ekki rétt að áhöldin og aðstaðan er orðin hættuleg iðkendum?

Guðjón:

Vakti athygli á þessu á síðasta aðalfundi. Hafnarbær hefur ekki komið að þessu á þessu ári. Félagið lagði um 2.5 milljónir í viðhald á áhöldum.

Benna:

Hvar stendur fibbersjóðurinn ?

Guðjón:

Það er fleira sem þarf að lagfæra eins og t.d. gryfja og fleira sem er að mörgu leyti mikilvægara en það væri mjög jákvætt upp á stemmingu að fá fibergólfíð. Hann og Hafsteinn telja að það ætti að vera óhætt að fara að panta það. Reksturinn hefur gengið það betur á þessu ári.

Guðrún Bjarna:

Er ekki hægt að nýta þá athygli sem fimeikar eru að fá og sýna fyrirtækjum hvernig aðstaðan er og reyna að fá þau til að styrkja ?

Ingvar:

Telur þessa aðferð ekki vera góða og fara illa í fyrirtækja. Finnst vera mjög neikvæð stemming hjá Hafnarfjarðarbæ og þeir ekki vera hliðhollir ípróttafélögunum um þessar mundir. Því þurfi vissulega að leita til annara aðila en ekki með hræðsluáróðri.

Helga Svana:

Hvað með að leita til fyrirtækja með styrki ?

Guðjón:

Hefur í samstarfi við fjáröflunarnefnd verið að vinna í þessu. Hafa ekki fengið mörg svör. Mætti gera betur þar.

Ingvar:

Hefur reynst best að fara maður á mann ef tengsl eru inn í fyrirtækin.

Helga Svana: Hverjir eru í fjáröflunarnefnd ?

Guðjón: Snorri, Þorgerður, Sigurborg og Guðjón.

Hlín: Fengum við einhverntímann afmælisgjöfina frá bænum sem þeir lofuðu á afmælisýningu ?

Hafsteinn: Þeir hafa fengið reikning er þeir hafa ekki borgað.

Hrafnhildur:

Er ekki sniðugt ef fólk sem hefur tillögur setji sig í samband við fjáröflunarnefnd

Ingvar:

Þetta er best að hafa þetta allt í ákveðnum farvegi og þessi mál eiga að fara í gegnum fjáröflunarnefnd.

Hannes:

Hvað var Atlas Olíu samningurinn að skila okkur á síðasta ári ?

Guðjón:

150 þús í styrk og svo um 50 þús í gegnum Atlas Lykla.

Sjöfn:

Fékk spurningu um hvað varð um áhöldin sem voru inn í Litlu Björk. Það er ekki jafnræði fyrir þau börn sem þar æfa ef þau hafa engin áhöld til að æfa í inni í Litlu Björk.

Guðjón:

Litla Björk nýtist vel fyrir útleigu en á móti hefur aðstaðan til þjálfunar vesnað til muna. Erum við tilbúin í að hætta útleigu og nýta þennan sal betur við þjálfun ? Hefur þurft að taka út áhöld út af öryggisástæðum.

Ólafur:

Ekki aðalfundar að ákveða hvaða áhöld á að bæta. Mætti vera fjárhagsáætlun þar sem er búið að frátaka pening í viðhald og svo sér stjórn um að ráðstafa hvað er mikilvægast að gera hverju sinni.

Þór:

Erfitt að vita fyrirfram hvað þarf að gera við þurfum að bregðast við því sem hæst ber hverju sinni. Það er mikið sem liggur fyrir að þurfi að laga.

Ingvar:

Sammála að það ætti að liggja fyrir fjárhagsáætlun.

Sjöfn: Erum við enn fyrirmyndarfélag (skv. skilgreiningu ÍSÍ)

Ingvar:

Við uppfyllum það ekki þó svo við séum enn á þeim lista. Þeir setja sem skilyrði að allir þjálfarar séu launþegar. Við stefnum ekki á að fara aftur í það.

Sjöfn:

Það stóð til að taka alla þjálfara af launaskrá og hafa sem verktaka hvernig gengur það ?

Ingvar:

Kannast ekki við að það hafi staðið til að taka fastráðna starfsmenn af launaskrá.

Anna María:

Af hverju er ekki starfsmaður á skrifstofu sem tekur á móti á þeim sem mæta. Hefur heyrt að það sé erfitt að ná sambandi við skrifstofu.

Vildi líka taka fram að þrífing á húsinu eru til skammar.

Guðjón:

Það er búið að margkvarta yfir þrífingum hér og við munum halda því áfram.

Símsvörðun er kannski 50% í dag en þyrfti að vera mun betri helst 90%. Það hefur því miður ekki verið hægt að ráða starfsmann á skrifstofuna. Eitthvað sem væri mjög gott um leið og fjárhagurinn leyfir.

Hlín:

Í sambandi við þrífing. Hvernig getur bæjarfélag sem er á hausnum verið með starfsfólk sem sinnir ekki störfum sínum. Er ekki auðveldara að ráða fólk núna ?

Hafsteinn: Bar upp 4 tillögur til samþykkis, lagði áherslu á að aðalfundur væri æðsta vald félagsins.

1. "Tillaga

Aðalfundur Fimleikafélagsins Björk haldinn 8.mars 2012

samþykkir að fela stjórn félagsins að breyta samningum við erl. þjálfara þannig að þeir standi straum á kostnaði við húsnæði, sem þeir búa í, sem tekur til kostnaðar við hússjóðsgjöld, rafmagn og hitakostnað.

Einnig að framlag félagsins verði aldrei hærra en helmingur umsamins leiguverðs og því samþykkir aðalfundurinn að leiguupphæð greiðist að jöfnu milli félags og erl. þjálfara"

Umræða um þessa tillögu:

Hafsteinn: Benti á að það var meiri kostnaður hér áður

Hrafnhildur: Leggur til að þetta verður lagt fram ástamt tölum ekki hægt að taka afstöðu til þessa án þess að vita tölurnar á bak við.

Guðrún Björk: Vill líka sjá tölur.

Ingvar: Bendir á að tillagan sé er ekki um sparnað. Ef við hættum að borga þennan kostnað þá þurfum við að hækka launin þeirra. Hefur kannað launin nokkrum sinnum hjá öðrum félögum og við erum að borga sambærileg laun. Erum langt undir kjarasamningum menntaskólakennara.

Hafsteinn: Vill meina að það sé ekki svona mikill munur.

Hrafnhildur: Á þetta erindi á þessum fundi að ræða um kjaramál ?

Ingvar leggur til að þessari tillögu sé vísað til stjórnar til umfjöllunar. Það er samþykkt með 11 atkvæðum og 4 á móti.

2. "Tillaga

Aðalfundur Fimleikafélagsins Björk haldinn 8.mars 2012

beinir þeim tilmælum til stjórnar félagsins að gæta jafnræðis með fastráðnum starfsmönnum. Þar sem búið er að gefa forsmekk þess að fastráðnir starfsmenn/þjálfarar séu ráðnir í 9 mánaða starf þ.e. sept-maí.

Til viðbótar því komi síðan júlí mán. Sem sumarfrísmánuður. Júní og ágúst greiðist því eingöngu samkv. Tímaklukku á veru starfsmanna á staðnum eða annarra starfa sem samið

hefur verið um að starfsmaður inni af hendi á þessum tíma þ.e. júnímánuði og ágúst mánuði.”

Umræða um þessa tillögu:

Fundarstjóri leggur til að fá útskýringar á þessu.

Guðjón: Það eru 7 fastráðnir þjálfarar þar af eru 6 í 100% allt árið og 1 með 9 mán samning og svo borgað skv. framlagi. Þetta snýst um að nýta alla starfskrafta. Þeir eru með 100% samning eru að vinna fyrir fimleikadeild. 420 iðkendur eru í fimleikadeild og um 100 af þeim eru að æfa 11 mánuði ársins.

Hinn fastráðni starfsmaðurinn starfar hjá klifur deild sem fyrir 60 iðkendur og þeir æfa 9 mánuði og því ekki trygg vinna í júní og ágúst.

Hlín: Einhverjir af erlendu þjálfurunum hafa tekið einhverjar vikur launalaust á þessum tíma.

Ólafur: Það er einhver röng stefna í gangi ef 1 starfsmaður er ekki með sömu kjör.

Hafsteinn: Einhverntímamann var það þannig að erlendu þjálfararnir voru bara að vinna 9 mánuði. Fullyrðir að ekki hafi allir þjálfarar verið að sinna fullri vinnuskyldu yfir sumartímamann og hefði þess vegna vilja hafa stimpilklukku.

Ingvar: Leggur til að vísa þessu til stjórnar þar sem þessi fundur hefur ekki forsendur til að meta þetta.

Hafsteinn: Ítrekar að hann hefur rætt þetta áður.

Guðjón: Nýting á fastráðnum þjálfurum var mjög góð síðasta sumar.

Guðjón: Finnst óþægilegt að hafa fastráðna þjálfara sem hann getur ekki tryggt vinnu fyrir.

Ingvar: Guðjón sér um samning og ber undir Ingvar

Samþykkt að vísa þessari tillögu til stjórnar með 14 atkvæðum.

3. “Tillaga

Aðalfundur Fimleikafélgasins Björk haldinn 8.mars 2012,

samþykkir að stjórnir deilda ásamt aðalstjórn félagsins sjái til þess að enginn iðkandi keppi fyrir hönd félagsins hafi hann ekki gert skil á eða samið um greiðslur á æfingagjöldum og öðrum skuldbindingum við félagið.

Iðkandi sem skuldar eldri skuldir en yfirstandandi önn skal óheimilt með öllu að keppa í nafni félagsins.”

Umræða um þessa tillögu:

Guðjón: Vont að hafa þetta afturvirk, erfitt að framfylgja þessu núna ef einhver keppandi er kominn í skuld að hann þurfi að greiða þetta að fullu núna. Er góð tillaga og betra að taka þetta héðan í frá.

Þór: Bendir á að þetta sé ekki alltaf einfalt mál þar sem þetta eru iðkendur eru börn og það eru forráðamenn þeirra sem skulda en barnið sjálft. Geti átti við barnaverndarlög.

Ólafur: Þetta er þekktur listi og ætti ekki að vera erfitt að ganga á eftir þessu.

Sjöfn: Þetta er viðkvæmt mál og sérstaklega eins og staðan er í dag.

Didda: Þetta má ekki safnast upp, erum með gott skipulag á þessu í klifurdeild. Hefur bent á að það þurfi hluta fimleikadeildina niður og vera með nokkra aðila sem eru ábyrgir hver fyrir sínum hóp.

Tillaga samþykkt samhljóða.

4. “Tillaga

Aðalfundur Fimleikafélgasins Björk haldinn 8.mars 2012,

samþykkir að fela aðalstjórn félagsins að sjá um að allir starfandi þjálfarar og starfsmenn félagsins noti stimpilkukkuna og þannig verði hægt að fylgjast með viðveru þeirra á svæðinu.”

Umræða um þessa tillögu:

Hlín: Snýr að mér, vinnur bæði heima og leggur til tölvu og fleira. Hennar vinna fer ekki bara fram á staðnum.

Hafsteinn: Það er hægt að sjá viðveru. Finnst þetta sjálfsagður hlutur að vera með

stimpilklukku.

Sjöfn: Þjáfarar vinna oft mikið heima. Hefur alltaf notað stimpilklukkuna.

Þór: Eru margir sem neita að nota þessa klukku.

Hafsteinn: Það eru ekki margir. Framkvæmdarstjóri hefur ekki farið fram með góðu fordæmi.

Guðrún Björk: Hlynnst stimpilklukku, vill benda á það er ýmislegt sem fylgir þessu starfi sem gerist ekki á staðnum. Hægt að nota hana til viðmiðunar.

Hlín: er það ekki augljóst.

Ólafur: Sjálfsgæður hlutir og líka gagnvart öllum þeim sjálfboðaliðum sem eru að vinna fyrir félagið.

Hrafnhildur: Bendir á að ekki fer allt fram í húsinu.

Gauti: Erum við ekki að tala um viðveru ekki að borga laun eftir stimpilklukku ?

Hafsteinn: Laun eru ekki reiknuð út frá stimpilklukku. Sýnir viðveru en það er kannski ekki allt.

Guðjón: Er með þjálfaraplan og svo er hægt að hafa þetta til hliðsjónar. Ef það þarf þá getur hann framfylgt því að þjálfarar noti stimpilklukkuna.

Ingvar: Var gott framtak á sínum tímum. Því það var ekki gott skipulag á þeim tíma og því nauðsynlegt til að vita hvert var vinnuframlag þjálfara.

Samþykkt með einu mótatkvæði.

Hannes bað um að gera grein fyrir mótatkvæði sinu:

Er ekki vanur því að hafa stimpilklukku í mínu starfi. Setur spurningarmerki við þjálfarhópinn ef það þarf að fylgjast með framlagi þeirra með stimpilklukku, ætti að vera auðvelt að meta framlag þeirra á annan hátt.

16. Fundarslit.

Fundi slitið kl: 22:55